

Nd.

170. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandidata frá háskóla Íslands til embætta.

Flutningsm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Aftan við 3. gr. kemur ný málsgrein, er svo hljóðar:
Svo er og ríkisstjórninni heimilt að veita kandidötum i guðfræði frá

háskólum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð prestsembætti hjer á landi, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum til þess að fá slík embætti og guðfræðideild mæli með.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Eins og nú er komið, eru lög þau, sem hjer er farið fram á að breyta, í raun rjettri óþörf, því að engin hættu er á, að námsmenn gangi fram hjá háskóla vorum um þær námsgreinir, sem hjer eru kendar, sist síðan Garðstyrkur fjell niður. Kostnaður við erlent nám er ærinn múrveggur um háskólann.

Nú nýlega hefir atvikast svo, að guðfræðingur með ágætt próf frá Kaupmannahafnarháskóla, og í hvívetna hinn efnilegasti maður, hefir sótt um prestakall hjer á landi. Þyrfti hann þá að ganga undir guðfræðipróf hjer, til þess að hafa rjett til embættisins, en það nær engri átt. Guðfræðideildin er öll sammála um, að einskorðun laganna við kandidata frá háskólanum hjer sje alþörf, og jafnvel skaðleg að því er guðfræðinga snertir. En tillögur um almenna breyting á lögnum hafa ekki verið afgreiddar frá háskólaráði vegna þess, að deildirnar eru ekki allar jafnsammála um þetta. Er því hjer aðeins farið fram á undanþáguheimild fyrir guðfræðikandidata frá háskólum nágrannalandanna, og svo um húið, að varla ætti neinn að óttast skaðlegar afleiðingar.